

ÁLFHÓLSSKÓLI

Fréttir úr skólastarfi



Nemendur í 6.bekk í PALS lestri

KÆRU FORELDRAR/FORRÁÐAMENN

Október mánuður hefur verið ansi óvenjulegur hjá okkur í Álfhólsskóla. Við höfum tekist á við ýmsar áskoranir í tengslum við aukin smit í samfélaginu og erum ákaflega þakklát fyrir það hversu vel hefur gengið í þessum krefjandi verkefnum. Við erum stolt af starfsfólkinu okkar sem hefur staðið sig með þrýði í framlínunni á þessum erfiðu tímum.

Álagið sem fylgir heimsfaraldri hefur áhrif á líðan okkar allra, ekki síst barnanna. Við viljum biðla til ykkar foreldra um að taka umræðu með börnunum ykkar um líðan og samskipti. Það er sérstaklega mikilvægt að foreldrar fylgist vel með því sem fer fram á samskiptamiðlum barna sinna en þar eiga sér oft stað miður jákvæð samskipti. Í því samhengi viljum við árétta að aldurstakmörk á þá samskiptamiðla sem við verðum vör við að nemendur séu með í símanum sínum, t.a.m. Instagram, TikTok og Snapchat, er 13 ára. Aldurstakmörk eru gjarnan sett á vegna óviðeigandi efnis á miðlunum, t.d. kynferðislegt efni og/eða ofbeldi, en þau eru ekki síst sett á vegna þess að þessir miðlar eru hannaðir til þess að vera ávanabindandi og hafa áhrif á líðan, skoðanir, sjálfsmynd, áhugamál og samskipti neytandans. Börn og unglingar eru sérstaklega viðkvæmir fyrir þessum áhrifum.

Fylgist með á miðlum skólans:

[Heimasíða skólans](#)

[Facebook](#)

[Twitter](#)



Skólamenningarfundur í 6.bekk

SKÓLAMENNINGARFUNDIR

Um þessar mundir eru fyrirhugaðir skólamenningarfundir í Álfhóllsskóla. Fundirnir eru með svokölluðu þjóðfundarfyrirkomulagi. Nemendur rýna í skólamenninguna og koma með hugmyndir um það hvernig megi efla hana enn frekar, fyrst einstaklingslega en svo í litlum hópum. Að lokum kynna hóparnir niðurstöður sínar fyrir árganginum.

Fundirnir sem fram fóru áður en hertar sóttvarnaraðgerðir tóku gildi fóru mjög vel af stað í ár. Nemendur eru með fullt af frábærum hugmyndum um það hvernig megi gera góða menningu betri og við hlökkum til að koma þeim í framkvæmd.

Þjóðfundarfyrirkomulagið er mjög hentugt verkfæri í þessa vinnu og er mjög gaman að sjá hvað nemendur eru orðnir þjálfaðir í lýðræðislegum vinnubrögðum sem þessum.

SAMRÁÐSDAGURINN Í FJAR

Samráðsviðtölin, miðvikudaginn 21. október, fóru fram með öðrum hætti en við eigum að venjast, en að þessu sinni voru fjarviðtöl í gegnum Google Meet. Fjarfundirnir gengu mjög vel og var almenn ánægja með viðtölin. Í einhverjum árgöngum prófuðu kennarar sig áfram með nemendastýrð viðtöl en í þeim er nemandinn í aðalhlutverki og stýrir samtalinu. Við undirbúning fyrir viðtalið lítur nemandinn til baka og velur sér verkefni sem hann telur gott til að sýna styrkleika sinn.

Í samtalinu greinir hann svo foreldrum og umsjónarkennara (með aðstoð túlks þar sem það á við) frá því hvers vegna hann valdi þetta verkefni, hver tilgangur þess er, hvaða hæfni var verið að þjálfra og hvað hann veit nú eftir að hafa unnið verkefnið sem hann vissi ekki áður. Markmið nemendastýrðra viðtala eru að virkja og valdefla nemandann, gefa honum tækifæri til að hafa áhrif á og tjá sig um nám sitt, hann geri sér grein fyrir hvar hann er staddur og hvert hann stefnir. Nemendastýrðu viðtölin gengu mjög vel og vonumst við til að fleiri prófi sig áfram með þessa viðtalstækni í komandi viðtölum.

“

*Gildi
október*

*mánaðar var
HJÁLPSEMI*

*Gildi
nóvember
mánaðar er
VINÁTTA*



Nemendur í 3.bekk í verklegri stærðfræði


VERKLEG STÆRÐFRÆÐI

Á yngsta stigi fara nemendur í verklega stærðfræði í tvo tíma á viku þar sem þeir takast á við fjölbreytt verkefni sem byggjast mikið á verklegum viðfangsefnum; ýmsum mælingum, teikningu, klippiverkefnum, pappírsmoti, leikjum, spilum, upplýsingaöflun, könnunum, rannsóknarverkefnum, útinámi, vettvangsathugunum og heimsóknunum. Verkefni eru oftast fyrir hópa eða paravinnu. Mörg verkefnanna eru hagnýt og tengjast umhverfi eða lífi nemenda og upplýsingatækni er beitt við framkvæmd margra þeirra.

3.bekkur fór í búðarleik í verklegri stærðfræði fyrir stuttu. Nemendum var skipt í hópa og stofnuðu allir búð. Undirbúningsvinnan fólst í að finna þema, nefna búðina, teikna og verðleggja vörur. Þegar þessari vinnu lauk opnuðu allir búðirnar sínar, flökkðu á milli og keyptu vörur af öðrum á milli þess sem þeir stóðu vaktina í sinni eigin búð. Þetta vakti mikla lukku og heppnaðist mjög vel. Með þessu móti læra nemendur hvernig peningar virka; það þarf að leggja saman, draga frá og gefa til baka. Nemendur voru til fyrirmyndar í þessu verkefni.



Nemendur í 3.bekk í verklegri stærðfræði



“

*Sameinuð
stöndum vér,
sundruð
föllum vér*



Nemendur í norræna skólahlaupinu

NORRÆNA SKÓLAHLAUPIÐ

Norræna skólahlaupið var haldið á dögnum. Allir nemendur tóku þátt í hlaupinu og stóðu sig ótrúlega vel. Tilgangur Norræna skólahlaupsins er að hvetja nemendur til að æfa hlaup og aðrar íþróttir reglulega og stuðla þannig að betri heilsu og vellíðan. Regluleg hreyfing hefur fjölþættan ávinning fyrir heilsuna. Á tímum sem þessum er sérstaklega mikilvægt að vera meðvitaður um mikilvægi þess að stunda reglulega hreyfingu. Mikilvægt er að börn og unglingar hafi tækifæri til að stunda fjölbreytta hreyfingu sem þeim finnst skemmtileg og er í samræmi við færni þeirra og getu. Sum börn þurfa meiri hvatningu en önnur til að hreyfa sig. Þá er mikilvægt að ræða við börnin og reyna að komast að því hvernig hreyfing höfðar til þeirra. Dagleg hreyfing er börnum og unglingum nauðsynleg fyrir eðlilegan vöxt, þroska og andlega vellíðan. Hún getur jafnframt falið í sér sameignlegan leik sem skapar tækifæri til að þjálfa hreyfifærni, bæta líkamshreysti, eignast vini, auka félagslega færni og efla sjálfstraust.

Foreldrar og forráðamenn geta haft mikil áhrif á hvað börn þeirra hreyfa sig mikið. Þeir geta:

- Verið góð fyrirmynd og hreyft sig með börnunum.
- Hugað að eigin hreyfivenjum og barna sinna.
- Hvatt til útileikja og þátttöku í skipulögðu íþróttastarfi.
- Bent á athafnir sem fela í sér hreyfingu þegar börnunum leiðist.
- Gefið gjafir sem hvetja til hreyfingar, s.s bolta, sippubönd, skauta eða hjól.
- Hvatt barnið til að ganga eða hjóla í og úr skóla.
- Samið við barnið um tímamörk fyrir daglega afþreyingu við skjá.
- Kostur er að ganga um og spjalla frekar en að gera það sitjandi.

Heimild:

Lýðheilsustöð. 2008. Ráðleggingar um hreyfingu. Sótt af: https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item11179/NM30399_hreyfiradleggingar_baeklingur_lores_net.pdf

“

*Það er bara
ein leið áfram
og það er
SAMSTAÐA*



Nemendur í búningum

HREKKJAVAKA

Hrekkjavökudeginum árlega var fagnað í skólanum föstudaginn 30.október s.l. Nemendur og starfsfólk skólans mættu margir í skemmtilegum búningum í skólann. Hér var fjör og mikil gleði þar sem ýmsar verur tóku þátt í leik og starfi eins og sjá má á meðfylgjandi myndum.



Hér má t.d sjá Michael Jackson

